



TOLLSTJÓRI

## Tollvörður

### Spennandi starf í lifandi umhverfi

Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli eru lausar til umsóknar hjá embætti Tollstjóra. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi störf sem henta jafnt konum sem körlum. Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta þríþætt inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á [www.tollur.is](http://www.tollur.is). Gera má ráð fyrir að þeir sem kallaðir verða í inntökupróf mæti 28. eða 29. mars.

#### Starf tollvarða er fjölbreytt og getur t.d. falið í sér:

- Greiningu á áhættu í vöru- og farþegaflæði og úrvinnslu gagna
- Sérhæfðar leitir svo sem í bílum, með hundum, gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.
- Almennt tolleftirlit á vettvangi svo sem í skipum, flugvélum, bílum, gámum, póstsendingum og með farþegum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til slíks náms.
- Greiningarhæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samviseksemi, nákvæmni og traust vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Reynsla og þekking úr öðrum störfum nýtist vel í starfi tollvarða. Háskólamenntun er einnig eftirsóknarverð þar sem í mörgum verkefnum er áhersla á greiningarhæfni, talnalæsi, tölfræði, skýrslugerð og tölvufærni.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ársæll Ársælsson og Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, í síma 560-0300.

Umsóknarfrestur er til 25. mars nk.

Sótt er um starfið rafrænt á [www.tollur.is/laus-storf](http://www.tollur.is/laus-storf).

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.